



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástæður þess að Brákarborg var tekin í notkun áður en framkvæmdum var lokið

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 3. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er skýringa á því hvers vegna leikskólinn fékk verðlaunin, Græna skóflan, í ljósi þess að ástand húsnæðisins er ófullnægjandi fyrir starfsemina, sem dæmi virkar loftræstingin illa, það er ekki búið að ganga frá ljósum og gluggum ásamt því að bílaplanið er hálfklárað þar sem stórvirkar vinnuvélar aka um. Leikskólinn opnaði í ágúst en nú er kominn 3. október og er sérstaklega spurt um ástæður þess að skólinn sé tekinn í notkun áður en framkvæmdum er lokið. Hvenær má búast við að framkvæmdum ljúki við skólann?

Svar:

Megin ástæða þess að leikskólinn Brákarborg var opnaður áður en að öllum framkvæmdum var að fullu lokið var sú að neyðarstaða var komin upp varðandi annan leikskóla sem þurfti að flytja úr sínu húsnæði vegna rakamála og þurfti á eldra húsnæði Brákarborgar að halda. Margir verkþættir voru á áætlun en því miður varð seinkun á nokkrum verkþáttum t.a.m. vinna á lóð leikskólans sem og á bílastæði framan við leikskólann þar sem aðkoma að honum er. Einnig komu í ljós vankantar á búnaði sem búið var að setja upp, svo sem loftræstikerfi, ljósabúnaði og fleiru eftir að leikskólinn hóf starfsemi sína í nýja húsnæðinu. Í upphaflegu skipulagi var ekki gert ráð fyrir því að yngstu börnin myndu vera í nýju starfsstöðinni og því hefur þurft að aðlaga aðbúnað á yngstu deildinni. Margvíslegar úrbætur hafa verið gerðar og starfsaðstaða starfsfólks og barna er góð. Unnið verður áfram að endurbótum.